30.4.2018

Ályktun Veiðifélags Miðfirðinga um sjókvíaeldi.

Aðalfundur Veiðifélags Miðfirðinga haldinn í Laxahvammi 20. apríl 2018 mótmælir öllum hugmyndum um útgáfu eldisleyfa á norskum kynbættum laxi í opnum sjókvíum bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum. Fundurinn minnir á að Hafrannsóknarstofnun leggst gegn stjórnlausu laxeldi í sjókvíum í áhættumati sínu og telur að það geti stórskaðað villta laxastofna landsins. Þá bendir fundurinn á nálægð við verðmætar laxveiðiár allt í kringum landið og þau miklu náttúruverðmæti sem þar eru í húfi. Fundurinn skorar á stjórnvöld að stöðva alla frekari útgáfu eldisleyfa. Óskýrt er hvaða áhrif laxeldi getur haft á erfðaauðlindina sem býr í íslenska laxinum sem er einstakur á heimsvísu.

Þannig samþykkt samhljóða.